



KÖRFUKNATTLEIKSDEILD SKALLAGRÍMS
ÁRSSKÝRSLA 2023

Formannspistill

Störf okkar stjórnarfólks eru allskonar. Endalaus hausverkur að finna leiðir til að halda starfinu gangandi og fjármagna starfið. Fjárafliar í formi viðburða, sölu á varningi og allskyns verkefna eru fyrirferðamiklar auk þess að ná inn nýjum styrktaraðilum og samstarfsaðilum sem kostar töluverðan tíma og orku fyrir okkur sjálfboðaliðana. Þá má ekki gleyma því að öll stöndum við vaktina á leikjum og jafnvel keyrum liðunum í keppni svo fátt eitt sé nefnt.

Með tilkomu tveggja starfsmanna sem taka hitann og þungan af daglegu amstri léttir gríðarlega á okkur í stjórn og ráðum deildarinnar auk þess sem fókusinn skerpist í starfinu. Það tekur tíma að ná utanum starfið og koma því í jafnvægi en alveg ljóst að við erum á beinu brautinni þar.

Rekstur deildarinnar hefur verið með allra besta móti þrátt fyrir það að nytjamarkaðurinn var einungis starfræktur um ca 3ja mánaða tímabil á árinu. Rekstrarafgangur deildarinnar má að stórum hluta rekja til aukaframlags frá UMSB og tókst með góðu móti að ná niður skuldahala sem hafði safnaðist upp á covid tímabilinu.

Til að geta haldið út eins öfluggu starfi og nú er og bæta það jafnan ár frá ári þá er gríðarlega mikilvægt að sveitarfélagið margfaldi framlag sitt til íþróttastarfs almennt. Íþróttastarf er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni og líta fjölskyldur til gæði íþróttastarfs þegar það velur sér framtíðarheimili. Sveitarfélög, fjölskyldur, iðkendur, íbúar og samstarfsaðilar kalla eftir auknum gæðum í starfinu, menntuðum þjálfurum, betri aðstöðu, betri tæki svo fátt eitt sé nefnt. Þessar kröfur er íþyngjandi fyrir sjálfboðaliðahreyfinguna sem minnkar ár frá ári. Þær kvaðir sem fylgja því að reka íþróttastarf eru ekki boðlegar fólki í sjálfboðaliðastarfi sem þarf að leita að 40-60 milljónum á ári til að láta starfið ganga eitt tímabil. Ég vil því skora á Borgarbyggð að endurskoða starfsstyrki til íþróttafélaga sem sinna yngriflokka starfi og bæta vel í. Framundan mun aðstaða til iðkunar gjörbreytast og við verðum að tryggja það að íþróttafélög og deildir gefist ekki upp.

Áfram mun markmiðið vera að gera betur og ekki síst að hjálpa fólkinu okkar að gera betur hvort sem það eru iðkendur eða fólk sem kemur að starfinu. Við erum öll eitt lið og samstíga getum við komist þangað sem við ætlum okkur.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms 2023-2024

Formaður og starfandi gjaldkeri Sigríður Bjarnadóttir

Fulltrúar frá meistaraflokksráði Óðinn Guðmundsson og Lilja Björg Ágústsdóttir - ritari

Fulltrúar frá yngriflokkaráði Sjöfn Hilmarsdóttir og Elfar Ólafsson

Meistaraflokksráð

Óðinn Guðmundsson - formaður

Lilja Björg Ágústsdóttir - ritari

Adolf Hannesson – gjaldkeri

Jón Frímánn Eiríksson

Yngriflokkaráð

Sjöfn Hilmarsdóttir - formaður

Arnar Víðir Jónsson

Þorvaldur Ásberg Kristbergsson

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir - gjaldkeri

Elfar Ólafsson

Gísli Már Arnarsson

Starfsmenn deildarinnar

Lára Magnúsdóttir – verkefnastjóri

Sumarliði Páll Sigurbergsson – yfirþjálfari yfl

Þjálfarar

Meistaraflokkur karla	Yngri flokkar
Atli Aðalsteinsson - þjálfari	Björgvin Hafþór Ríkharðsson
Hafþór Gunnarsson – aðstoðarþjálfari	Ragnar Magni Sigurjónsson
unglingafl kk	Davíð Ásgeirsson
	Jón Hrafn Baldvinsson
	Karen Munda
	Sumarliði Páll Sigurbergsson

Aðstoðar- og íhlaupa þjálfarar

Óðinn Guðmundsson	Bergþór Ægir Ríkharðsson
Eiríkur Frímánn Jónsson	Guðmar Sigvaldason
Sigurgeir Erik Þorvaldsson	

Starf deildarinnar tímabilið 2023-2024

Aðalstjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms (KKD) er skipuð eftirfarandi einstaklingum tímabilið 2023-2024. Formaður er Sigríður Bjarnadóttir og frá yngriflokkaráði í stjórn eru Elfar Ólafsson og Sjöfn Hilmarsdóttir og úr meistaraflokksráði sitja þau Óðinn Guðmundsson og Lilja Björg Ágústsdóttir í stjórn KKD. Í yngriflokkaráði eru: Sjöfn Hilmarsdóttir, Arnar Víðir Jónsson, Þorvaldur Ásberg Kristbergsson, Elfar Ólafsson, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir og Gísli Már Arnarsson. Í meistaraflokksráði eru: Óðinn Guðmundsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Adolf Hannesson og Jón Frímann Eiríksson. Lára Magnúsdóttir er starfsmaður deildarinnar í 70% starfi og Sumarliði Páll Sigurbergsson er yfirþjálfari yngri flokka í 30% starfi auk þess sem hann sinnir þjálfun í afleysingum.

Á árinu 2023 og á vorönn hafa 210 iðkendur verið skráðir hjá deildinni og eru skipulagðar æfingar í 13 flokkum kk og 10 flokkum kvk. 1.-2. bekkur kk og kvk æfir saman eins og 3.-4. flokkur kk og kvk auk þess sem að nokkrir aldursflokkar æfa saman.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og staðið sig vel. Iðkendurnir okkar leika á þriðja hundrað leiki yfir tímabilið. Í haust skráðum við 9 lið til keppni yfl (Minnibolti – 10. fl), ungmennaflokk kk og meistaraflokk kk. Tveir flokkar voru skráðir til leiks í samstarfi við Snæfell, 11. fl kk og 12. fl kvk. Samstarfið hefur gengið ágætlega en auðvitað töluvert þúsl þegar þarf að fara um 200 km á æfingar í báðar áttir og þarf góða samvinnu þjálfara og foreldra til að allt gangi snuðrulaust fyrir sig.

12. flokkur drengja náði þeim árangri að keppa til úrslita í 2. deild og varð í öðru sæti á síðasta tímabili og stelpurnar okkar í minnibolta U10 ára urðu íslandsmeistarar.

Meistaraflokkur karla endaði í 2. sæti á síðasta tímabili eftir æsispennandi úrslitakeppni og endaði liðið á því að spila hreinan úrslitaleik við Hamar Hveragerði. Þó svo að markmiðið fyrir tímabilið hafi ekkert endilega verið að fara upp þá var endaspætturinn svo sannarlega ánægjulegur og setti mark sitt á samfélagið svo um munaði. Áhorfendastúkurnar fylltust og stemming yfir bænum. Stóri sigurinn var liðskipanin en liðið einungis skipað heimamönnum fyrir utan erlenda leikmenn. Á yfirstandandi tímabili er liðið í 5. sæti í deildinni. Meiðsli lykilleikmanna hafa sett strik í reikninginn en á móti hefur það gefið yngri leikmönnum meiri tækifæri og stærri hlutverk í liðinu. Verður áhugavert að fylgjast með þeim í úrslitakeppninni.

Eins og kom fram í árskýrslu síðasta árs var markmið KKD fyrir tímabilið '22-'23 að ná samningum við unga uppalda Skallagrímismenn sem höfðu fært sig yfir í önnur lið síðustu ár og með því að byggja upp sterkan kjarna heimamanna með rétttri blöndu af erlendum leikmönnum. Vel tókst til og góður andi yfir liðinu út alla úrslitakeppnina. Töluvert hefur verið um meiðsli á þessu tímabili og erfitt að halda ákveðnu jafnvægi. Eftir yfirstandandi tímabil eru allir samningar við mfl leikmenn og þjálfara lausir.

11 iðkendur, 3 kvk og 8 kk voru valinn í æfingahópa yngri landsliða núna í desember. Frábær árangur okkar fólks og segir þetta okkur að við eigum frambærilega einstaklinga og einnig

vitnisburður um gott yngriflokkastarf. 4 einstaklingar hafa verið valdir til áframahaldandi æfinga fyrir verkefni sumarsins.

Stjórn KKD tilnefndi Björgvin Hafþór Ríkharðsson til íþróttamanns Borgarfjarðar.

Þjálfarahópurinn er vel blandaður af reynslumiklum þjálfurum og ungum þjálfurum sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun. Á árinu hafa amk 21 þjálfari auk aðstoðarfólks komið að þjálfun og á yfirstandandi tímabili hafa 13 þjálfara og aðstoðarþjálfara komið að þjálfun auk aðstoðarfólks. Eitt af megin markmiðum KKD er að allir sem komi að þjálfun hafi eða sækji sér reglulega menntun til að viðhalda og bæta gæði starfsins.

Á yfirstandandi tímabili er KKD með um 35 klst í æfingatíma á viku í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi auk þess að vera með morguntíma hluta úr vetri. Samningur var gerður við Metabolic Borgarnesi og hafa bæði eldri yngri flokkar ásamt meistaraflokki kk stundað æfingar þar reglulega sem og á undirbúningstímabili. Samningurinn er gerður með það fyrir augum að bæta aðstöðu okkar iðkenda sem og að þeir æfi undir handleiðslu.

Flokkarnir eru alls 23 bæði kk og kvk. Nokkrir flokkar æfa saman en ef hver og einn flokkur væri sér myndi þeir fá að meðaltali tæplega 2 klst í æfingar á viku. Aðalástæður fyrir því að flokkar æfa saman er of lítið framboð á æfingátímum í íþróttamiðstöðinni og árgangar mis stórir. Ef við berum okkur saman við önnur félög í kringum okkur í sömu flokkum þá eru okkar iðkendur að fá allt að 100 færri mínútur á viku. Auk þess að æfingátíminn sé þétt setinn í húsinu þá eru skráðir ríflega um 100 leikir í Íslandsmóti, bikarkeppni og fjölliðamótum í íþróttamiðstöðinni á tímabilinu '23-'24. Það þýðir um 4 leikir á viku sem þýðir að u.þ.b. 6 æfingar falla niður á viku hjá öðrum flokkum KKD eða öðrum íþróttadeildum sem eiga tíma í húsinu.

Mikið er um keppnisferðir og leiki hjá iðkendum og eru mót eða leikir hverja helgi hjá einhverjum aldursflokki. Það er því gott að sjá hvað við eigum gott bakland í sjálfboðaliðum þegar kemur að ferðalögum og mótahaldi á heimavelli, en alltaf eru einhverjir tilbúnir að leggja hönd á plóg til að aðstoða við að allt gangi upp bæði við ferðalög og mótahald hér heima.

Margir sjálfboðaliðar starfa í kringum deildina og eru störf þeirra ómetanleg bæði fyrir félagið og ekki síður fyrir samfélagið í heild. Kröfur vaxa á gæði starfsins jafnt og þétt með hverju árinu sem líður og takmarkað sem hægt er að leggja á sjálfboðaliðann og takmarkað sem þeir geta tekið við.

Á þorablóti KKD nú í febrúar 2024 voru 4 einstaklingar heiðraðir fyrir óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar. Þau sem hlutu viðurkenningu voru Aðalsteinn Símonarson, Sigurður Halldórsson, Sigurður Emilsson (Alli Emils) og Sigríður Leifsdóttir.

Í haust var Sumarliði Páll ráðinn inn sem yfirþjálfari yngri flokka í hlutastarf. Lára Magnúsdóttir var ráðin inn sem verkefnastjóri á fyrstu mánuðum ársins og starfa því 2 starfsmenn í hlutastarfi hjá deildinni.

KKD vill þakka samstarfsaðilum og styrktaraðilum fyrir stuðninginn og ekki síður íbúum sveitarfélagsins fyrir að sækja viðburði, styðja við bakið á okkur í okkar fjáröflunum. Bílabón,

þorablót, skötuveisla, jólasveinaheimsóknir, jólatrjáahreinsun er meðal fjáraflana sem deildin hefur staðið fyrir á árinu. Nytjamarkaðurinn okkar tapaði húsnæði sínu í mars og hefur því ekki verið starfræktur megin part ársins. Við eru þó vongóð um að það rætist úr þegar líður á árið 2024.

Áherslur næsta tímabils munu áfram vera að bæta enn frekar og halda áfram öfluggu yngriflokkastarfi og fá inn fleiri iðkendur. Það má þó segja að íþróttahúsið hafi áhrif á hversu mikið deildin getur vaxið og getum við ekki gert allt það sem okkur langar að gera til að ná að þjónusta sem best við okkar iðkendur. Við munum samt sem áður gera okkar besta með það sem við höfum. Stefnt er að því að halda vel utan um leikmannahópa meistaraflokks kk og að halda þeim samkeppnishæfum í sinni deild sem vonandi skilar þeim í úrslitakeppni og mögulega upp í efstu deild þegar hópurinn er tilbúinn. Áhersla verður lögð á að styðja þjálfara deildarinnar til að efla sig í þeirra starfi með því að sækja námskeið og aðra menntun á sviði þjálfunar. Einnig verður stutt við bakið á þeim sem hafa áhuga á því að ná sér í dómara réttindi sem og þeim sem vilja sækja réttindi á ritaraborði. Áfram verður stuðlað að jafnrétti hjá deildinni, þannig verður iðkendum gert jafn hátt undir höfði hvort sem þeir æfa eða keppa fyrir kvenna- eða karlalið deildarinnar. Auglýsingar og umfjöllun á vegum deildarinnar munu alltaf taka jafnt til karla og kvenna.

Að lokum viljum við þakka enn og aftur öllum þeim sem komið hafa að starfi Körfuknattleiksdeildar Skallagríms. Þetta á við um alla þá sem eru í stjórnnum, þá sem starfa í kringum leiki og mót, foreldra sem leggja sitt að mörkum og alla þá sem eru tilbúnir að hjálpa okkur með hvaða hætti sem er og iðkendur og að síðustu öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið með okkur og lagt okkur lið. Án ykkar væri starf deildarinnar ómögulegt.

F.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

DRÖG

ÁRSREIKNINGUR 2023



Körfuknattleiksdeild UMF Skallagríms

Ungmennafélagið Skallagrímur

Körfuknattleiksdeild

Rekstrarreikningur með fjárhagsáætlun

Tekjur:

	Áætlun 2023	Skýr	2023	2022
Framlög og styrkir	25.000.000,00 kr.	1	30.731.306,00 kr.	25.135.157,00 kr.
Tekjur af mótum	4.000.000,00 kr.	2	8.398.027,00 kr.	2.527.986,00 kr.
Iðkenda- og námskeiðsgjöld	5.000.000,00 kr.	3	5.932.173,00 kr.	3.884.864,00 kr.
Aðrar tekjur	18.000.000,00 kr.	4	12.858.569,00 kr.	13.741.398,00 kr.
Tekjur samtals	52.000.000,00 kr.		57.920.075,00 kr.	45.289.405,00 kr.

Gjöld:

Launakostnaður	28.000.000,00 kr.	6	24.316.319,00 kr.	25.506.449,00 kr.
Styrkir til leikmanna	2.400.000,00 kr.	7	5.762.937,00 kr.	1.181.933,00 kr.
Félagaskipti og sala leikmanna	2.200.000,00 kr.	8	1.083.496,00 kr.	2.142.692,00 kr.
Áhöld og tæki	1.500.000,00 kr.	9	743.715,00 kr.	608.132,00 kr.
Þátttaka í mótum	6.200.000,00 kr.	10	6.776.974,00 kr.	5.548.418,00 kr.
Kostnaður v/mótahalds	1.000.000,00 kr.	11	1.280.976,00 kr.	679.529,00 kr.
Rekstur bifreiða	- kr.	12	-	16.526,00 kr.
Rekstur skrifstofu	800.000,00 kr.	13	2.673.626,00 kr.	1.161.405,00 kr.
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	500.000,00 kr.	14	165.000,00 kr.	467.500,00 kr.
Kostnaður v/samkeppnisreksturs	2.000.000,00 kr.	15	3.105.316,00 kr.	3.157.533,00 kr.
Önnur gjöld	4.200.000,00 kr.	16	4.049.393,00 kr.	1.305.996,00 kr.
Annar kostnaður	50.000,00 kr.	17	286.974,00 kr.	57.970,00 kr.
Afskriftir			100.000,00 kr.	0

Gjöld samtals	kr.	48.850.000,00		50.344.726,00 kr.	41.801.031,00 kr.
Hagnaður (tap) án fjárm.liða	kr.	3.150.000,00	-	7.575.349,00 kr.	3.488.374,00 kr.
Vaxtatekjur		15.000,00 kr.		61.265,00 kr.	8.188,00 kr.
Vaxtagjöld		-		-	-
		150.000,00 kr.		165.219,00 kr.	215.678,00 kr.
		-		-	-
		135.000,00 kr.		103.954,00 kr.	207.490,00 kr.
Hagnaður (tap) tímabilsins	kr.	3.015.000,00		7.471.395,00 kr.	3.280.884,00 kr.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir:

		2023	2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	2.523.935	1.346.872
Fastafjármunir alls		2.523.935	1.346.872
<hr/>			
Skammtímakröfur	21	2.685.062	1.823.200
Handbært fé	22	4.229.435	898.065
Veltufjármunir alls		6.914.497,00 kr.	2.721.265,00 kr.
<hr/>			
Samtals eignir		9.438.432,00 kr.	4.068.137,00 kr.
<hr/>			

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	-	2.616.454,00 kr.	-	5.897.338,00 kr.
Tekjuafgangur ársins		7.471.395,00 kr.		3.280.884,00 kr.
Eigið fé alls		4.854.941,00 kr.	-	2.616.454,00 kr.
<hr/>				

Langtímaskuldir

Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna launa	23	2.396.878		3.494.939
Virðisaukaskattur	24	337.519		393.688
Viðskiptaskuldir	25	1.849.094		2.795.964
Skammtímaskuldir alls		4.583.491,00 kr.		6.684.591,00 kr.
<hr/>				

Skuldir og eigið fé samtals		9.438.432,00 kr.		4.068.137,00 kr.
<hr/>				

Meistaraflokkur karla

Yngri flokkar

Meistaraflokkur kvk

Annar rekstur / sameiginlegt

Fjárhagsáætlun 2024